

# Dæmi um dagskrá sem yrði ekki samþykkt

## Dagskrá námsferðar leikskóla til Brighton. 25. ágúst - 28. ágúst 2016

### Fimmtudagurinn 25. ágúst

Kl. 04.15 Brottför frá Leikskóla.  
Kl. 07.45 Flug til London.  
Kl. 12.45 Rúta til Brighton.  
Kl. 14.00 Mæting á hótelið.

**Kl. 16:00-17:00 Starfsmannafundur (1 tími)** *Pessi fundur yrði ekki tekinn með þar sem það þarf að vera fræðsla - þess vegna þarf að vera nánari útskýring á hvað fer fram á fundinum.*

Kl. 20.30 Komið til baka á hótelið - frjáls tími.

### Föstudagurinn 26. ágúst

Kl. 8.00 Morgunmatur.

**Kl. 10.00 -15.00 Heimsókn í leikskóla (5 tímar)** *Hér þyrfti að koma fram nafn á leikskóla og hvað gert sé yfir daginn og ef borðaður er hádegismatur hvenær það yrði þar sem það er ekki tekið með í dagskrá nema það sé hluti af fræðslunni.*

Kl. 16.45 Komið til baka á hótelið.  
Kl. 16.45 Frjáls tími.

### Laugardagurinn 27. ágúst

Kl. 8.00 -10.00 Morgunmatur.

**Kl. 10.00 -12.00 Safn heimsótt (2 tímar)** *Hér þyrfti að koma fram hvort það sé leiðsögn í safni eða ekki og það þarf að koma fram nafn á safni í dagskránni svo það stemmi við staðfestingu móttökuaðila.*

Kl. 12.00 Farið til baka á Hótel. Frjáls tími.  
Kl. 20.00 Sameiginlegur kvöldmatur.

### Sunnudagurinn 28. ágúst

Kl. 09.00 Brottför.

*Dagskráin er einungis 8 tímar.*

*Vantar 2 tíma í dagskrá  
svo hún verði samþykkt*

#### Tímar sem teljast ekki með við skoðun dagskráar:

- Ferðir til og frá heimsóknum
- Matartímar - nema ef matartími sé hluti af dagskrá
- Skemmtidagskrá

*Athugið að ef það er mismunandi eftir einstaklingum hvaða dagskráliði hver og einn sækir þá þarf að tilgreina það fyrir hvern og einn einstakling.*